

VÍN blaðið

6 árg. 3.tbl. september 2008



HVERNIG FER MAÐUR AÐ
ÞVÍ AÐ VELJA VÍN MEÐ
MATNUM SVO VEL FARI?




BER ALLT ÁRIÐ

 VÍNBUÐIN

Frítt eintak!

Afgreiðslutími

VÍNBUÐA



Sjá upplýsingar um afgreiðslutíma á heimasíðu www.vinbudin.is

Höfuðborgarsvæðið	mán.-fim.	fös.	lau.	sími	teg	heimilisfang
Austurstræti	11-18	11-19	11-18	562-6511	500	Austurstræti 10a, 101 Rvk
Borgartún	11-18	11-19	11-18	561-8001	600	Borgartún 26, 105 Rvk
Dalvegur	09-20	09-20	11-18	564-5070	500	Dalvegi 2, 201 Kóp
Eiðistorg	11-18	11-19	11-18	561-1800	1000	Eiðistorgi 13, 170 Seltj.
Garðabær	11-18	11-19	11-18	555-6525	500	Garðatorgi 7, 210 Garðab
Hafnarfjörður	11-18	11-19	11-18	565-2222	1000	Fjarðargötu 13-15, 220 Hafn
Heiðrún	11-18	11-19	11-18	560-7720	ALLT	Stuðlahálsi 2, 110 Rvk
Kringlan	11-18	11-19	11-18	568-9060	ALLT	Kringlunni 8-12, 103 Rvk
Mosfellsbær	11-18	11-19	11-18	586-8150	500	bverholti 2, 270 Mosfellsbæ
Skeifan	09-20	09-20	11-18	588-3100	500	Skeifunni 5, 108 Rvk
Smáralind	11-18	11-19	11-18	544-2112	1000	Hagasmára 1, 201 Kóp
Skútvogur	09-20	09-20	11-18	568-9008	1000	Skútvogui 2, 104 Rvk
Spöngin	11-18	11-19	11-18	586-1617	500	Spönginni 29, 112 Rvk
Stekkjarkakki	11-18	11-19	11-18	567-0400	500	Stekkjarkakka 6, 109 Rvk

Landsbyggðin	mán.-fim.	fös.	lau.	sími	teg	heimilisfang	
Akureyri	11-18	11-19	11-16	462-1655	1000	Hólbraut 16, 600 Akureyri	
Akranes	Vetur	12-18	11-19	11-14	431-2933	300	Þjóðbraut 13, 300 Akranes
	Sumar	11-18	11-19	11-16			
Blönduós	Vetur	14-18	14-19	lokað	452-4501	200	Aðalgötu 8, 540 Blönduós
	Sumar	14-18	12-19	lokað			
Borgarnes	Vetur	12-18	11-19	11-14	431-3858	300	Borgarbraut 58-60, 310 Borgarnes
	Sumar	11-18	11-19	11-16			
Búðardalur	17-18	16-18	lokað	434-1303	100	Vesturbraut 15, 370 Búðardalur	
Dalvík	Vetur	14-18	12-19	lokað	466-3430	200	Hafnarbraut 7, 620 Dalvík
	Sumar	11-18	11-19	11-14			
Djúpivogur	17-18	16-18	lokað	478-8270	100	Búlandi 1, 765 Djúpivogur	
Egilsstaðir	Vetur	12-18	11-19	11-14	471-2151	300	Miðvangi 2-4, 700 Egilsstaðir
	Sumar	11-18	11-19	11-16			
Fáskrúðsfjörður	17-18	16-18	lokað	475-1530	100	Búðavegi 35, 750 Fáskrúðsfjörður	
Grindavík	14-18	12-18	lokað	426-8787	200	Víkurbraut 62, 240 Grindavík	
Grundarfjörður	17-18	16-18	lokað	438-6994	100	Hrannarstíg 3, 350 Grundarfjörður	
Hella	Vetur	14-18	14-19	11-14	585 7587	200	Suðurlandsvegi 1, 850 Hella
	Sumar	11-18	11-19	11-16			
Hólmavík	17-18	16-18	lokað	455-3110	100	Höfðatúni 4, 510 Hólmavík	
Húsavík	Vetur	14-18	14-19	lokað	465-2230	200	Garðarsbraut 21, 640 Húsavík
	Sumar	11-18	11-19	11-14			
Hvammstangi	17-18	16-18	lokað	455-2321	100	Höfðabraut 6, 530 Hvammstangi	
Hveragerði	Vetur	12-18	11-19	11-14	481-3932	300	Breiðumörk 1, 810 Hveragerði
	Sumar	11-18	11-19	11-16			
Hvolsvöllur	Vetur	14-18	14-19	11-14	487-7797	200	Austurvegi 3, 860 Hvolsvöllur
	Sumar	11-18	11-19	11-16			
Höfn	Vetur	14-18	14-19	lokað	478-1977	200	Vesturbraut 1, 780 Höfn í Hornafriði
	Sumar	14-18	12-19	13-16			
Ísafjörður	Vetur	12-18	11-19	11-14	456-3455	300	Aðalstræti 20, 400 Ísafjörður
	Sumar	11-18	11-19	11-16			
Keflavík	11-18	11-19	11-16	421-5699	500	Hafnargötu 51, 230 Reykjanesbær	
Kirkjubæjarklaustur	17-18	16-18	lokað	487-4628	100	Skaftárskála	
Neskaupstaður	14-18	14-18	lokað	477-1890	200	Hafnarbraut 6, 740 Neskaupstaður	
Ólafsvík	14-18	14-18	lokað	436-1226	200	Mýrarholti 12, 355 Ólafsvík	
Patreksfjörður	Vetur	14-18	14-18:30	lokað	456-1177	200	Þórgötu 10, 450 Patreksfjörður
	Sumar	14-18	14-19	lokað			
Reyðarfjörður	14-18	14-19	11-14	474-1406	200	Hafnargötu 2, 730 Reyðarfjörður	
Sauðárkrúkur	Vetur	12-18	11-19	11-14	453-5990	300	Smáragrund 2, 550 Sauðárkrúkur
	Sumar	11-18	11-19	11-16			
Selfoss	11-18	11-19	11-16	482-2011	500	Vallholti 19, 800 Selfoss	
Seyðisfjörður	17-18	16-18	lokað	472-1700	100	Hafnargötu 2a, 710 Seyðisfjörður	
Siglufljörður	14-18	14-19	lokað	467-1262	200	Eyrargötu 25, 580 Siglufljörður	
Stykkishólmur	14-18	14-19	lokað	430-1414	200	Aðalgötu 24, 340 Stykkishólmur	
Vestmannaeyjar	Vetur	12-18	11-19	11-14	481-1301	300	Strandvegi 50, 900 Vestmannaeyjar
	Sumar	11-18	11-19	11-16			
Vík í Mýrdal	17-18	16-18	lokað	487-5730	100	Austurvegi 18, 870 Vík	
Vopnafjörður	17-18	16-18	lokað	473-1403	100	Hafnarbyggð 4, 690 Vopnafjörður	
Þorlákshöfn	17-18	16-18	lokað	483-3585	100	Selvogsbraut 4, 815 Þorlákshöfn	
Þórshöfn	17-18	16-18	lokað	468-1106	100	Langanesvegi 2, 680 Þórshöfn	

Sumar: júní – ágúst / Vetur: sept. – maí

Sjá upplýsingar um netföng á www.vinbudin.is

EFNISYFIRLIT

Leiðari	2
Fréttir úr Vínbúðum	3
Ostabbakkinn	4-5
Vín og ostar	6
Lífræn ræktun	7
Októberfest	8
Hvernig glös notum við undir vín?	9
Fróðleiksmolar um osta og vín	10
Hvernig fer maður að því að velja vín með matnum svo vel fari?	11-13
Hvað eiga bjórdós og bíll sameiginlegt?	15
Ber allt árið	16-17
Árgangatafla ÁTVR	18
Vöruskrá	19

Vöruskrá

• Rauðvín	20
• Hvítvín	40
• Sætvín	52
• Rósavín	53
• Freyðivín	54
• Aðrir gerjaðir drykkir	57
• Kassavín	58
• Styrkt vín og kryddvín	60
• Bitter og líkjör	62
• Sterkt áfengi	66
• Brandí, armanac, viskí	67
• Romm, tekíla	69
• Vodka, gin	70
• Sénever, akvavit, anís, snafs, kryddromm	71
• Annað áfengi undir 15%	72
• Bjór	74
• Bjórkútar	77
• Gjafavara	78
• Viðurkennd lífræn vottun	80
• Óáfengt	80

Vörur í stafrófsröð	82
Matartákn	96

Vínblaðið, 3. tbl. 6. árg. september 2008
Útgefandi: Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, ÁTVR
Ábyrgðarmaður: Ívar J. Arndal
Ritstjóri: Guðfinna Ásta Birgisdóttir
Ritstjórn: Gissur Kristinsson, Jóna Grétarsdóttir, Páll Sigurðsson
Hönnun, umbrot og prentun: Oddi ehf. / P08.05.534

ISSN-1670-7532

Öll verð og verðbreytingar birtast í vörulista á heimasíðu ÁTVR, www.vinbudin.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur. Áskilinn er réttur til leiðréttinga.



Leiðari

Þjónusta og fyrirkomulag

Við bjóðum viðskiptavinum velkomna í nýja og glæsilega Vínbúð í Skútuvogi. Skipulag og hönnun Vínbúðarinnar er svipað og í Vínbúðinni í Borgartúni sem opnaði í maí síðastliðinn. Helstu breytingar eru að þjór er aðgreindur frá öðrum tegundum áfengis með stórum kæli. Þetta fyrirkomulag hefur gefið góða raun og aukið næði þeirra sem vilja skoða fjölbreytt vöruval Vínbúðanna.

Þegar viðskiptavinir eru spurðir hvað skipti mestu máli í þjónustu Vínbúðanna svara 41% að viðmót starfsfólks skipti mestu máli en 27% segir að vöruvalið skipti mestu máli. Þar á eftir koma þættir eins og bíla-stæði, vínráðgjöf og afgreiðslutími.

Vöruval Vínbúðanna er mismunandi, allt frá 100 tegundum í þeim minnstu til 1800 tegunda í þeim stærstu. Viðskiptavinir ráða mestu um vöruval Vínbúðanna, en almenna reglan er að mest seldu vörurnar fái mesta dreifingu. Hinsvegar eru afleiðingar þessa kerfis þær að vöruvalið hefur tilhneigingu til að verða einsleitara en æskilegt er. Til að bregðast við þessu má finna í hillum Vínbúðanna vín sem merkt eru Úrvalsvín. Þessi vín eru valin inn af vínsérfræðingum Vínbúðanna og er ætlað að tryggja fjölbreytni og framboð gæðavína með það að leiðarljósi að vöruvalið sé framsækið og nái til helstu vöruflokka og framleiðslusvæða heimsins.

Í september verða ostar og vín þema Vínbúðanna og er það einnig aðalefni Vínblaðsins að þessu sinni. Við hvetjum viðskiptavinum til að kynna sér nýjan bækling um osta og vín sem er fánlegur í næstu Vínbúð.

Njótið vel!

Sigrún Ósk Sigurðardóttir
aðstoðarforstjóri ÁTVR



VÍNBUÐIN BORGARTÚNI - FERSKUR ANDBLÆR

Vínbúðin í Borgartúni, sem opnaði í maí sl., er töluvert öðruvísi aðrar Vínbúðir. Afgreiðsluvæðið er afmarkað með skærum litum og áberandi skilaboð taka á móti þér þegar komið er inn í Vínbúðina. Sérstök áhersla var lögð á að gera betri vínur hátt undir höfði og eiga þau sérstakan stað í miðri Vínbúðinni. Dýrustu vínin eru í þar til gerðum vinkælum til að tryggja sem best gæði þeirra. Viðskiptavinir virðast ánægðir með þetta fyrirkomulag þar sem meira er keypt af Úrvalsvínunum í þessari Vínbúð en öðrum. Önnur nýjung er að bjórinn í Borgartúninu er allur í kæli, en sú nýbreytni hefur fallið í góðan jarðveg hjá viðskiptavinum búðarinnar.



OSTAVEISLA Í VÍNBUÐUM Í SEPTEMBER

Þemadagar hafa nú fest sig í sessi í Vínbúðunum, en í september verður áhersla lögð á samspil osta og vína. Viðskiptavinir geta nálgast bækling um vín og osta, en í honum eru leiðbeiningar um hvernig best er að velja vín með ostum eða ostaréttum. Einnig verður girnilegum uppskriftum dreift í Vínbúðum. Þetta er eitthvað sem áhugafólk um vín og osta ætti ekki að láta framhjá sér fara.



NÝ VÍNBUÐ OPNAR Í SKÚTUVOGI

Ný og glæsileg Vínbúð hefur nú opnað í Skútuvogi, en verslunin er opin frá 9-20 alla virka daga og 11-18 á laugardögum. Skipulag Vínbúðarinnar er svipað og í Vínbúðinni Borgartúni, en allur bjór er afmarkaður í stórum kæli. Þannig fá viðskiptavinir meira næði til að skoða fjölbreytt úrval vína á meðan aðrir viðskiptavinir fá bjórinn sinn kaldan, en mikil eftirspurn hefur verið eftir þeirri þjónustu. Mikill vinnusparnaður skapast einnig hjá starfsfólki við þetta fyrirkomulag þar sem umstöflun er mun minni þegar bjórinn er aðskilinn frá víninu. Úrvalsvínin verða á sínum stað í búðinni og sérstök áhersla lögð á að viðskiptavinir fái næði til að skoða þau og fá ráðgjöf. Nóg er af bílastæðum fyrir framan búðina og aðgengi viðskiptavina því með besta móti. Við bjóðum viðskiptavinum velkomna í nýja Vínbúð!



ÞRJÁR KONUR ÚTSKRIFAST SEM VÍNRAÐGJAFAR

Nú hafa þrjár konur bæst í hóp vínráðgjafa Vínbúðanna, en nú eru alls 9 vínráðgjafar að störfum. Vínbúðirnar eru samstarfsaðili WSET-skólans (Wine and Spirit Education Trust) en mikið nám liggur að baki til að geta útskrifast sem vínráðgjafi. Konurnar þrjár sem útskrifuðust eru Harpa Dröfn, Vínbúðinni Heiðrúnu, Harpa Sif, Vínbúðinni Akranesi og Sædis, Vínbúðinni Mosfellsbæ. Viðskiptavinir geta því nýtt sér þjónustu þeirra sem og annarra vínráðgjafa í Vínbúðum, en vínráðgjafarnir eru allir auðkenndir með svuntum, merktum með nafni. Hægt er að fylgjast með ferðum vínráðgjafanna á vinbudin.is.

OSTABAKKINN

Það er orði sannara að ostur er veislukostur og hentar við hvaða tilefni sem er. Þú finnur alltaf rétta ostinn hvort sem það er í matseldina, veisluna, sumarbústaðinn, útileguna eða bara hvenær sem er, við hvaða tækifæri sem er.

Íslendingar hafa látið mikið að sér kveða í ostagerð í gegnum tíðina og er úrvalið af góðum ostum því orðið mjög fjölbreytt. Það er mikil gæfa fyrir okkur Íslendinga að eiga kost á afurðum spröttum úr hreinu lofti, tæru vatni og ómenguðum jarðvegi íslenskrar náttúru. Íslendingar eiga óvenjumarga vel menntaða ostameistara enda blómstrar ostamenningin og hafa íslenskir ostar hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga á alþjóðavettvangi. Íslensku ostarnir hafa notið mikilla vinsælda og eru ómissandi á ostabakkann og með góðu víni.

EKKI BARA VÍNBER OG SULTA

Í gegnum tíðina hefur það tíðkast að skella vínberjum og sultu með á ostabakkann en það er engin föst regla um það hvaða osta skuli velja saman á bakka, enda ræður smekkur gestgjafa þar oft miklu um. Einnig getur valið miðast við sérstaka vintegund sem ákveðin er fyrirfram. Algengt er þó að tegundirnar séu ekki hafðar of líkar. Allt er leyfilegt með á ostabakkann, um að gera að prófa sig áfram og finna út hvað er gott með ostinum.

Hugmynd að góðum ostabakka er t.d.: höfðingi, gráðaostur, ferskjur, brómber, jarðaber, valhnetur, blængber og brauð.

HUGMYNDIR AÐ ÖÐRU MEÐLÆTI

Epli, þurrkaðir ávextir, sellerí, hnetur, chutney, pickles, hunang, þúrtvínssöðnar perur, sérrí og rúsínuhlaup, síróp, chilli sulta, ólífur, grillaðar paprikur, sólþurrkaðir tómatar, ætíþistlar, kirsuber og mandarínur.



BAKAÐUR STÓRI DÍMON OSTUR Í BOXI

Stóri Dímon er eini íslenski osturinn á markaðnum í dag sem er í tréöskju og sker sig að því leitinu frá hinum ostunum hvað varðar umbúðir. Það eru kannski ekki margir sem vita að tilvalið er að baka Stóra Dímon og þá einmitt í öskjunni.

Það eina sem þú þarft að gera er að taka ostinn úr álpappírnum, setja lokið undir dósina og baka ostinn á 160°C hita í 8-10 mínútur. Gott er að pensla ostinn með smá olíu áður en hann er settur í ofninn, eftir á er gott að gljá ostinn með hunangi, chili eða svörtum pipar.

Fljótlegt og gott sérstaklega ef borið fram með litlum timian bökuðum kartöflum, gufusoðnum aspas eða rósmarinbrauðstöngum.

RÓSMARÍNBRAUÐSTANGIR

Hægt er að kaupa tilbúið ferskt pizza deig sem er skorð í þunna strimla, burstað með ólífuolíu og bragðbætt með fersk söxuðu rósmarin og sjávarsalti. Bakið í 8 – 10 mínútur við 160°C hita.



SÆLKERA OSTAKÖKUR

Ostakökur gefa ostunum ekkert eftir og eru ómissandi þegar töfra á fram gómsætar veitingar í veislur, saumaklúbba og við flest tilefni þegar gera á sér glaðan dag. Aðaluppistaða ostakakanna er hreinn rjómaostur og kremkex í botninn. Kökurnar geymast í 3-4 vikur í kæli, en einnig má frysta þær og geymast þær þá í 3-4 mánuði og eru þá látnar þiðna í kæli. Það getur því verið einföld og góð hugmynd að eiga ostaköku í kæli eða frysti ef gesti ber að garði.



VÍN OG OSTAR

Ostar og vín hafa veitt mörgum ómælda ánægjustundina, enda fer þetta tvennt yfirleitt vel saman.

Viða er ostur hluti af stærri máltíð og er þá hafður á undan ábættisrétti, eftir sjálfan höfuðréttinn. Hér heima kjósum við hinsvegar að neyta osta sem lítillar máltíðar eða sem snarléttar, en það er bæði fljótlegt og hentugt við margskonar tækifæri, látlaust og gott í góðra vina hópi.

Vín og ostar eiga ýmislegt sameiginlegt, þeirra hefur til dæmis verið neytt saman frá alda öðli. Beggja má neyta ungra og ferskra, eða þegar aldurinn hefur færst yfir og þroski með margslungnum ilmi og bragðeiginleikum tekur við.

Það eru engar fastar niðurnjörvaðar reglur um hvaða vín fer með hvaða osti eða ostahlaðborði. Flestir eru þó á sammála um að sum vín henta betur en önnur. Fólk hefur einnig misjafnan smekk og getur það gert málið flóknara. Til dæmis er sagt að portvín og gráðaostur fari mjög vel saman og tek ég undir það, en það er ekki öllum sem fellur við gráðaost og kannski ekki heldur portvín, svo fyrir þá verður sú pörun aldrei góð. Fólk upplifir bragð og ilm misjafnlega og einnig þau áhrif sem ostur og vín hefur á hvort annað. Það sem einum finnst fara vel saman getur öðrum þótt minna varið í.

Yfir höfuð kemur flestum rauðvín í hug þegar osta ber á góma, en það er ekki alltaf sem það er besti kosturinn, því rauðvín á það til að lenda í frekar fjandsamlegum samskiptum við suma osta og má þar nefna ferska sýruríka geitaosta sem og blá- og rauðmygulosta. Hvítvín fellur betur að mörgum ostum og er oft ekki síðri kostur en rauðvín. Það er nokkuð einfalt að velja vín með einstökum ostum, en með ostabakka eða ostahlaðborði getur það verið flóknara og þarf oft að gera einhverjar mála- miðlanir.

LÍTUM Á NOKKUR VÍN OG MEÐ HVAÐA OSTUM ÞAU HENTA

Frískandi og sýrurík hvítvín eins og úr þrúgunni Sauvignon Blanc, t.d. frá Sancerre í Frakklandi eða frá Nýja-Sjálandi þykja fara vel með ferskum geitaostum, en þessi vín fara einnig vel með mörgum hvít- og rauðmygluostum. Þurr hvítvín gerð úr Riesling þrúgunni og jafnvel Gruner Veltliner eru einnig góð. Eikað Chardonnay virðist hinsvegar ekki eiga samleið með þessum ostum. Hugsanlega gæti þó eikað chardonnay gengið t.d. frá Chablis. Vín frá Alsace úr Pinot Gris þrúgunni eiga yfirleitt vel við flesta hvít og rauðmygluosta, en fara ekki eins vel með ferskum geitaosti eða bragðmiklum ostum. Vínin geta þó virkað nokkuð vel með hörðum ostum.

Rauðvín frá Frakklandi, Ítalíu og Spáni bjóða allfesta osta velkomna. Ég ætla þó ekki að draga úr vínun frá nýja heiminum, en þaðan koma vín úr þrúgunum Cabernet Sauvignon og Merlot helst til greina. Vín úr Shiraz þrúgunni virðast oft lenda upp á kant við osta. Ferskir geitaostar, gráðaostar og mjög bragðmiklir ostar eiga ekki skemmtilega samleið með rauðvíni, hvaðan úr heiminum sem þau koma. En með hvítmygluostum og hörðum ostum mætti huga að rauðvíni frá Bordeaux í Frakklandi eða Cotes du Rhone. Chianti eða Valpolicella Ripasso frá Ítalíu, og Vín úr tempranillo frá Spáni, t.d. Rioja.

Sætvín eða eftirréttavín og ýmis styrkt vín eins og portvín eða vín frá suður Frakklandi eða öðrum svæðum, henta einstaklega vel með gráðaostum og bragðmiklum ostum. En þar kemur sætan með einstakt mótspil við saltið í ostinum.

Svo er það ostabakkinn. Það er erfitt ef ekki vonlaust að finna vín sem gengur með öllum ostum. Það má svo sem leysa þetta með því að kaupa góða rauðvinsflösku og láta það duga. En það má líka gera hlutina með stæll og bjóða upp á hvítvín, rauðvín og til viðbótar sætvín, sem getur verið sætt hvítvín, sætt portvín eða önnur styrkt vín hvort heldur rauð eða hvít. Þessi sætu vín eiga góða samleið með mörgum sterkum ostum, sérstaklega gráðaostum. Svo má líka setja ostabakkann í sparifötin með því að bjóða upp á litlar súkkulaðikökur eða konfektmola og gegna þá sætvínin enn stærra hlutverki.

Það getur einnig verið skemmtilegt að gera tilraunir með vín og osta, til að finna út hvað fer vel saman. Það þarf aðeins að ganga til þess verks með opinn huga og hafa nokkra osta og nokkur vín, og að sjálfsögðu má ekki gleyma mikilvægasta hlutanum en það er félagsskapur, því vín og ostasmakk er nokkuð sem krefst þess að fleiri en einn eða tveir taki þátt.

Páll Sigurðsson,
vínráðgjafi



LÍFRÆN RÆKTUN



Við höfum öll heyrð á þetta minnst en hvað er þetta fyrirbæri „lífræn ræktun“? Þetta er í senn flókið og einfalt fyrirbæri. Til að skilja þetta er ágætt að tileinka sér ákveðið hugarfarar, en það er nokkuð sem allt of margir gera ekki. Maður heyrir oft alls kyns kjánalegar athugasemdir um lífræna ræktun... allt of oft.

Kannski verður maður að spyrja sig fyrst, hvað er ekki lífræn ræktun. Til að ræktun sé lífræn er ekki bara nóg að einhverjar skepnur geri þarfir sínar á staðnum, eins og virðist vera viðhorf margra. Lífræn ræktun hefur í för með sér mikinn aga og gjörbreytt viðhorf

HLUTVERK LÍFRÆNNAR RÆKTUNAR ER, Á ÖLLUM STIGUM, AÐ HLÚA AÐ LÍFRÍKINU, ALLT FRÁ SMÆSTU LÍFVERUM Í JARÐVEGI, TIL MANNSINS SEM NEYTIR AFURÐANNA.

til ræktunar, sem og umhverfisins sjálfs, enda mætti segja að þetta sé langtímaskuldbinding, á móts við skyndilausnina sem notkun kemískra efna er. En hlutverk lífrænnar ræktunar er, á öllum stigum, að hlúa að lífríkinu, allt frá smæstu lífverum í jarðvegi, til mannsins sem neytir afurðanna. Því má segja að mottóið sé að heilbrigður og næringarríkur jarðvegur skilar af sér heilnæmri fæðu sem eykur heilbrigði neytandans.

Upphaf lífrænnar ræktunar er andstaða við iðnvæðingu landbúnaðar, snemma á síðustu öld, þegar kemiskur áburður var að ryðja sér til rúms, mjög ódýr vara sem menn notuðu í miklu magni, en mörgum þótti að við værum að fara á mis við hæfileika náttúrunnar sjálfrar að viðhalda eigin jafnvægi. Menn vildu, og vilja enn, meina það að með þessarrí notkun kemískra efna væri ekki verið að

auka næringu í jarðvegi, heldur eingöngu gefa plöntunni sjálfri næringu, þannig að jarðvegurinn er áfram næringarsnauður og auðvelt væri fyrir bóndann að festast í þessum vítahring. Húsdýraáburður hefur ekki þessi áhrif, né heldur molta, sem er rotnandi jurtaleifar, en við rotnunina losnar mikið magn næringarefna út í jarðveginn. Önnur aðferð sem virkar vel til að viðhalda næringu jarðvegsins, er að rækta ekki það sama, á sama staðnum, ár eftir ár, heldur færa það til og rækta þar aðrar jurtir, en mikill munur getur verið á því hvaða efni jurtirnar nýta, og hverjum þær skila í jarðveginn.

hentugri jurtir, sem skila oftast en ekki aukinni næringu í jarðveginn.

Myglur geta verið ansi skæðar í flestallri ræktun og er sveppaeyðir einföld lausn á vandamálinu, en það eru efni sem menn kæra sig ekki um í lífrænni ræktun. Ein leið til að minnka áhrif sveppagróðurs er að gæta þess að gras eða annar hár gróður vaxi ekki upp við stofn vínviðarins. Menn gæta þess að það lofti vel um bæði berjaklasa og laufkrónu vínviðarins, annars gæti raki safnast saman og ýtt undir mygluvöxt.

Erfðabreyttar lífverur eru annað viðkvæmt mál og eru ekki viðurkenndar í lífrænni ræktun, enda er mjög lítið vitað um áhrif þeirra á lífkerfi jarðarinnar. Einnig eru hormón litin hornauga en þau hafa ýmiskonar áhrif á vöxt og þroska plöntunnar, sem fæst hafa verið rannsökuð nægilega vel.

Í sjálfu sér er lífræn vara ekki endilega bragðbetri en önnur vara, því menn geta að sjálfsögðu fylgt öllum reglum, en samt unnið verkið illa. Hins vegar hafa rannsóknir sýnt að lífrænt ræktað grænmeti og ávextir innihaldi meira af andoxunarefnum, sem eru líkamanum mikilvæg og velji nú hver fyrir sig!

Skordýraeitur er ekki viðurkennt, en hægt er að beita ýmsum öðrum aðferðum til að losna við skordýravanda. Mjög algengt er orðið að koma fyrir hylkjum á víð og dreif um ræktaða svæðið, sem innihalda ferómón, en þau trufla tilhugalíf skordýranna svo þeim fjölgar mun minna en ella. Einnig er áhrifaríkt að hlúa að náttúrulegum óvinum skordýranna, hvort sem er fuglum eða öðrum skordýrum, til að halda skaðvaldinum í skefjum. Þess vegna má víða sjá hreiðurkassa fyrir fugla í vínekrum, sem eru til þess gerðir að fuglar setjist að í ekrunni.

Notkun á graseyði er ekki leyfileg, en það er eitur sem úðað er á óæskilegar plöntur, sem innan örfárra tíma visna upp og deyja. Vínbændur sem stunda lífræna ræktun vilja heldur plægja jörðina milli vínviðarraðanna til að losna við gróður, eða rækta þar aðrar



Magnús B. Traustason
vínráðgjafi

OKTÓBERFEST

Á hverju ári er haldin risastór hátíð í München í Þýskalandi. Þessi hátíð, Októberfest, er einnig frægasta hátíð Þýskalands. Það fyrsta sem kemur upp í hugann hjá flestum þegar hana ber á góma er bjór, sem er nú kannski ekkert undarlegt, þar sem hann gegnir stóru hlutverki á hátíðinni og þar er borinn fram sérstakur bjórstill kenndur við hátíðina, sem bjórframleiðendur víða um heim apa eftir bjórgerðarmönnum svæðisins.

Eitt það skrytnasta við októberfest er að hún er ekki haldin í október, en það á sér einfalda skýringu; veðrið er einfaldlega betra í september og því var henni flýtt. Reyndar eru síðustu dagar októberfest í október, en lokadagur þessarrar sextán daga hátíðar er fyrsti sunnudagur októbermánaðar og frá því að Austur- og Vestur Þýskaland voru sameinuð, hefur hátíðin verið lengd um einn eða tvo daga ef sunnudaginn ber upp á fyrsta eða annan dag mánaðarins, til að sameiningardagurinn þriðji október, sé alltaf með.

Októberfest er tilkomin vegna mikillar hátíðar þann tólfða október 1810, en þá gengu í hjónaband Ludwig krónprins og Theresa von Sachsen-Hildburghausen. Öllum borgarbúum var boðið til veislunnar, og heitir svæðið sem hátíðin er haldin á Theresienwiese, eða Theresuengi, eftir krónprinsessunni. Miklar kappreiðar voru haldnar og menn vildu endurtaka þær árið eftir, en það varð kveikjan að þessari árlegu hátíð, en kappreiðarnar eru þó ekki lengur hluti af hátíðarhöldunum.

Skrúðgöngur setja svip sinn á hátíðina, en hátíðin hefst á skrudgöngu eigenda bjórtjaldanna, sem flykkjast á svæðið ásamt afgreiðslufólki og hljómsveitum bjórtjaldanna, og eru allir í sínu fínasta þússi. Á hádegi fyrsta daginn er hleypt af byssum og við mikla viðhöfn slær borgarstjórinn tappann úr fyrstu bjórtunnunni. Í hinum ýmsu skrudgöngum má sjá fólk í þjóðbúningum, ríffilbera, hreinræktaða hesta, uxu, ásamt vögnum í kjótkveðjustíl, svo eitthvað sé nefnt.

Í fyrstu var boðið upp á bjór á nokkrum básum á svæðinu, en básunum var fjölgað ár frá ári, til að anna eftirspurn. Árið 1896 voru bjórtjöldin tekin í notkun og stóðu þá aðalsmenn og bjórframleiðendur að þeim, en bjórtjöldin eru eitt af aðalsmerkjum Októberfest.

Klassíski bjórstillinn sem borinn er fram á Októberfest, er ýmist kallaður Oktoberfest eða Märzen, eftir marsmánuði, þegar hann er bruggaður. Hér áður fyrr var mars lokamánuður bruggtímabilsins og bjórinn sem þá var bruggaður, þurfti að lagerast yfir sumarið og var þá tilbúinn til neyslu í september. Bjórinn hefur breyst mikið í gegnum tíðina, var upphaflega dökkur, eins og flestir bjórar á þeim tíma, en árið 1872 kom fram bjór í Vínarstíl, rafgullinn á lit, sem lengst af var staðallinn fyrir bjór hátíðarinnar. Í dag hefur bjórinn verið aðlagður að alþjóðlegum smekk og er orðinn ljós á lit, og hefðbundna áfengisprósenta, 5,5 - 6%, hefur verið lækkuð um hálf prósent. En bjórinn á nú, sem áður, að vera bragðþéttur, með mjúkt maltbragð og litla humlabeiskju.

Að meðaltali heimsækja októberfest rúmlega sex milljón manna, en sum ár allt að sjö milljónir. Um 72% gestanna eru frá Bæjaralandi og um 15% eru útlendingar, en gestirnir koma allsstaðar að úr heiminum, hvort sem er nærliggjandi löndum, jafnt sem austurlöndum fjær.

Magnús B. Traustason,
vínráðgjafi



HVERNIG GLÖS NOTUM VIÐ UNDIR VÍN?



AÐ VELJA GLÖSIN

Þegar við veljum okkur vínglós er fyrsta reglan sú að **velja glös sem eru gerð úr algerlega gegnsæju gleri og án alls skrauts**. Þetta er nauðsynlegt til þess geta skoðað vínið vandlega og stuðlar einnig að því að vínið njóti sín til fulls. Fyrsta skrefið í að meta gæði vína er að skoða lit þeirra í glösinu. Litur vínsins getur strax gefið til kynna hvort um er að ræða ungt eða þroskað gamalt vín. Einnig hafa ákveðnar þrúgutegundir sérstakan lit og þá hægt að þekkja þær í glösinu. Vínglós eiga alls ekki að vera úr lituðu gleri né glannalega skreytt, einnig eru mikið útskorin kristalsglös ekki æskileg þar sem að vínið fær þá ekki að njóta sín. En það er líka annað atriði við hin mikið útskornu glös sem gerir þau óhentug en það er stærð þeirra. Mikið útskorin kristalsglös eru venjulega of lítil til þess að gagnast sem góð vínglós. Þá komum við einmitt að reglu númer tvö við glasakaup, en hún er sú að gæta þess að **velja nógu stór glös**. Vínglas þarf að vera nógu stórt til þess að hægt sé að hella vænum skammti af víni í það án þess að fylla það svo mikið að ekki sé hægt að þyrlla víninu í glösinu. Stór vínglós virka líka sem nokkurskonar karafli fyrir vínið þar sem að þau orsaka meira yfirborð á víninu, heldur en minni glös. Mikið yfirborð í vínglasinu tryggir að vínið mýkist í glösinu og gefur frá sér meiri ilm og meiri mýkt í bragði, þegar vínið kemst í snertingu við súrefni. Stór glös geta því hjálpað ungu hráu víni til þess að verða aðgengilegra. Ilm vínsins má síðan auka enn meira með því að þyrlla víninu upp á glashliðarnar.

Sem betur fer er liðin sú tíð að veitingastaðir voru með pínulítill kúlulaga vínglós og þau fyllt af víni næstum að brún glassins. Slík glös og slíkt magn víns í glösinu gerði athöfnina að drekka vín ekki nærri eins skemmtilega og þegar almennileg glös eru í boði.

Þriðja reglan er að **velja skal glös sem eru á fæti, eða standa á stilk**. Stilkurinn gerir það að verkum að hægt er að halda á glösinu án þess að koma við belginn sjálfan og þar af leiðandi koma í veg fyrir að belgur glassins verði allur útataður í fingraförum. Fingraförin á glasbelgnum fara fljótt að skyggja á

vínið, sem við erum alltaf að hugsa um að fá að njóta sín sem best. Einnig eru vínglós hönnuð með þennan fót eða stilk til þess að hendur okkar skili ekki líkamshitanum í vín sem búið er að hafa fyrir að kæla til þess að það njóti sín sem best. Það er líka eftirtektarvert að á öllum stærri vínsýningum og í vínsmakki þar sem atvinnumenn koma saman þá halda allir slíkir um annaðhvort stilk glassins eða um fót þess.

Í fjórða lagi er síðan að **gæta þess að glösin séu af réttri lögun**. Þar er átt við að gæta þess að belgur glassins sveigi inn að ofan. Þetta tryggir að belgurinn safnar ilmi vínsins að nefi neytandans. Glös sem sveigja út að ofan skila ekki jafn miklum ilmi vegna þess að ilmurinn sleppur út í andrúmsloftið framhjá nefi þess sem er að drekka vínið. Reyndur vínsmakki þyrlla líka víninu upp á glashliðarnar og mun minni hætta er á að vínið sullist út úr glösinu ef það sveigir inn að ofan.

GLASASAFNIÐ

Til eru framleiðendur er framleiða sérstök glös fyrir hverja tegund víns. Slík hönnun getur farið út í öfgar og það er algerlega óhugsandi að venjulegt heimili fólks hafi yfir slíkri vörulínu að ráða. En það eru nokkur glös sem eru nauðsynleg. Í fyrsta lagi eru það glös undir hvítt og rautt vín. Þá er það venjan að hvítvínsglasið er heldur belgminna heldur en glasið undir rauðvínið. Einnig er gaman að eiga freyðivínsglós og þá þau sem eru eins og flautulaga. Þessi glös sem eru há og mjó tryggja að freyðivínið heldur freyðingunni betur. Áður fyrr voru hin dæmigerðu kampavíns- eða freyðivínsglós flatar skálar, en það gerir það að verkum að freyðingin sleppur auðveldlega úr víninu. Auk þess var alltaf erfitt að drekka kampavín úr slíku glasi þar sem að þegar maður bar glasið upp að munni sér, þá vildi hin hárfína freyðing vinnanna senda nokkrar kitlandi loftbólur í átt að nefinu, sem gat endað með léttum hnerra ofan í vínið. Það var kannski kostur að nota slík glös þar sem að með góðum hnerra voru líkur á því að glasið tæmdist án þess að vínið færi niður í háls neytandans. Þetta eru helstu glösin, en einnig er skemmtilegt að geta stillt upp sætvíns-

glösum, eða glösum undir desertvín.

Slík glös eru gjarnan smækkuð útgáfa af hvítvínsglasinu þ.e.a.s. enn belgminni glös en hvítvínsglasið. Að síðustu er það síðan glas undir brenndu víninu sem gjarnan er boðið upp á að lokinni máltíðinni. Þá erum við að tala um glas sem gæti gengið sem ílát undir koníak, armagnak, calvados, grappa eða einhverskonar "eau du vie".

Fyrst á dagskrá er því að eignast sitthvort glasið undir hvítt og rautt ásamt því að fjárfesta í flautulaga kampavínsglasi. Maður þarf ekkert meira til þess að byrja með. Sætvínsglasið og glasið undir brenndu víninu geta svo komið seinna mer.

Öll þessi glös hef ég séð í verslunum hér á landi og ég veit til þess að nokkrir innflytjendur eru að flytja inn hágæða kristalsvínglós. Það er því hægt að finna öll þessi hárrétu glös í verslunum hér og allt frá frægasta framleiðanda til þess sem minna er þekktur. Það er hins vegar rétt að geta þess að mestu gæðin eru í kristalsglösum og þá einnig þeim sem eru gerð úr sem þynnstu gleri og ekki með neina styrkingu í glasbarminum. Það er ekki eins mikil upplifun að drekka vín úr glasi sem er með hnauspykkan glasbarminum vegna styrkingar á glerinu, eins og að drekka úr hágæða næfurpunnum kristalsglösum.

AÐ HREINSA GLÖSIN

Að lokum er rétt að renna aðeins yfir það hvernig á svo að umgangast hágæða glös. Það eru vissulega deildar meiningar um það hvernig á að hreinsa glösin eftir notkun. Gætið þess bara að gera það fljótlega eftir notkun þar sem að vínið getur skilið eftir rendur á glashliðunum. Skiptar skoðanir eru á því hvort að nota á eingöngu heitt vatn til þess að prifa vínglós, eða hvort að óhætt sé að nota þvottalög á þau. Ég er alveg til í að nota sápur á glösin til þess að auðvelda þrif og fá glösin skínandi skær og glær. Gætið þess bara að skola glösin mjög vel úr miklu magni af frekar heitu vatni. Látið þau síðan standa á hvolfi og látið þau þorna þannig. Í lokin má síðan strjúka síðustu dropana af börmum glasanna með hreinum mjúkum klút.

Gissur Kristinnsson
vínráðgjafi



Fróðleiksmolar um osta og vín

FYRSTI OSTURINN

Ostahleypirinn uppgötvaðist þannig, segir sagan, að á ferðum sínum um heita eyðimörkina notuðu menn kálfamaga til að geyma mjólkina yfir daginn. Þegar kom að langbráðum kvöldverði var mjólkinn sæthlaupin. Annarsvegar í ljúffengan hvítan ferskost og hins vegar í gulleita mysu. Osturinn var saðsamur og mysan svalandi.

ERU FASTIR OSTAR ÓNÝTIR EF Á ÞEIM MYNDAST MYGLUBLETTIR?

Nei alls ekki. Ostur eru lifandi og því fullkomlega eðlilegt að hann fái slíka bletti við lengri geymslu. Blettirnir eru eingöngu á yfirborðinu og því nægir að skera þá frá.

HVERNIG SKAL GEYMA BRAGÐSTERKA OSTA

Nauðsynlegt er að geyma þá í þéttum umbúðum til þess að hið sterka bragð komist ekki í önnur matvæli.

AF HVERJU FARA VÍN OG OSTAR VEL SAMAN?

Ásamt því hversu góða heild þeir mynda í bragði, þá er þetta vara sem fer í gegnum svipað gerjunarferli og vín. Þar af leiðandi hafa ostar og vín oft svipaðar sýruteindir, sem gerir það að verkum að þau eiga svona vel saman.

Mjög gott er að láta ost standa við stofuhita í u.þ.b. klst. áður en hann er borinn fram, til að ostabragðið njóti sín sem best.

HVAÐA VÍN HENTA MEÐ OSTUM?

Í vörulistanum á vinbudin.is getur þú fengið upplýsingar um hvaða vín henta vel með ostum.

HVERNIG FER MAÐUR AÐ ÞVÍ AÐ VELJA VÍN MEÐ MATNUM SVO VEL FARI?

Í vínræktarlöndum er vín jafn eðlilegur hluti máltíðarinnar og maturinn. Fyrir þá sem aldrei eru upp á vínræktarsvæði er lítið mál að ákveða hvað drekka skuli með matnum. Í flestum tilfellum drekka þeir einfaldlega það vín sem framleitt er á þeirra svæði enda fer það best með þeim matreiðslu-hefðum sem þar ríkjá.

En fyrir mörg okkar sem búum á þessum bráðnandi klaka lengst norður í Ballarhafi, getur það kostað þó nokkrar vangaveltur um hvaða vín við eigum að bjóða upp á í matarboðinu í kvöld, eða þegar við erum stödd á veitingahúsi og fáum langa vínlista með allskyns vinnöfnum sem við þekkjum ekki.

Sem betur fer þurfum við ekki að örvænta. Á betri veitingahúsum starfa ekki aðeins frábærir matreiðslumenn heldur eru einnig innanborðs öflugir vínþjónar, sem geta leiðbeint við vínvalið og gera það af mikilli list.

Þó ég starfi meðal annars við það að gefa viðskiptavinum hjá Vínbúðunum ráð um val á vini með mat og telji mig geta komist þokkalega af við að ráða fram úr vínseðli veitingahúsanna, þá vil ég frekar nýta mér þá þjónustu sem vínþjónarnir veita. Að sjálfsögðu skoða ég vínseðilinn og hef mínar skoðanir á hvaða vín henti best með þeim réttum sem ég hef valið, en það er alltaf gaman að sjá hvað vínþjónarnir bera fram. Hingað til hef ég ekki orðið fyrir von-


brigðum og oft fengið mjög skemmtilegar og stundum djarfar samsetningar.

Það að vera vínþjónn krefst ekki aðeins mikillar þekkingar á vini heldur þarf vínþjónnin einnig að hafa mikla þekkingu á hráefninu sem notað er í þá rétti sem bornir eru fram og eins hvaða áhrif eldunar- aðferðir hafa á hráefnið. Til að þjálfa sig í að para saman vín og mat þá þarf stöðugt að smakka bæði vín og mat. Með tímanum og mikilli þjálfun getur vínþjónninn með nokkurri vissu sagt til um með hverskonar mat tiltekið vín hentar, aðeins með því að lesa á flöskumiðann.

Mér lék forvitni á að vita hvaða aðferðir vínþjónar notuðu við að velja vín með mat. Eru þetta einhverjir töfrar, hrein snilligáfa eða bara einfaldar reglur sem styðjast má við og allir geta notað með því að prófa sig áfram? Ég hafði því samband við vínþjónana Elísabetu Ölbu Valdimarsdóttur á Vox, Gunnlaug Pál Pálsson einnig á Vox, Stefán Baldvin Guðjónsson á Einari Ben og einnig Dominique Plédel Jónsson sem rekur og á Vínskólann ásamt því að vera í Vínþjónasamtökunum. Ég bað þau um að segja mér hvað þau hefðu að leiðarljósi þegar þau pöruðu saman vín og mat.

Öll hafa þau viðamikla reynslu á þessu sviði og hér fáum við svo örlítið af þeirra reynslu.

Alba er ein af þeim vínþjónum sem gaman er að fylgjast með og á hún eflaust mikla



fram tíð fyrir sér sem vínþjónn. Áhuginn er mikill hjá henni og það er klárt að hún leggur sig fram við að afla sér meiri og meiri þekkingar.

Þegar ég hafð samband við Ölbu var mikið að gera hjá henni, en mér tókst þó að fá hana til að gefa mér nokkur góð ráð á meðan hún sinnti starfi sínu.

Fyrst og fremst, segir Alba, leita ég eftir áferðinni í víninu og matnum, með léttari og fínlegri mat þarf létt vín og kröftugri vín fara svo með bragðmeiri mat. Síran í víninu og þarf að vera í samræmi við síru- og eða fituinnihald réttarins. Nautasteikur og villibráð þurfa stór vín og finnst mér oft gott að velja vín sem hafa sveita- eða fjósalykt. Einnig leita ég eftir bragðeinkennum í mat og víni, vil láta mat og vín harmónera saman og draga fram bragðeinkenni hvors annars.

Með eftirréttnum þarf svo vínið að vera sætara en sjálfur rétturinn .

Gulli er mikill sælkeri og hefur mikla ánægju af að velja fyrir sér ýmiskonar samsetningum á víni og mat. Hér deilir hann með okkur af reynslu sinni.

Það kemur eflaust ýmsum á óvart að þegar velja á vín með mat er það ekki endilega kjötið eða fiskurinn sem ræður valinu. Krydd, matreiðsla, sósur og meðlæti hefur

allt feikilega mikil áhrif á lokaútkomu réttarins og því ber að hafa það í huga ef velja á rétt. Sósan og kryddið yfirgnæfir oft á tíðum bragðið af matnum en þá er einmitt hægt að nota vínið til að skapa jafnvægi þar á milli. Síran og stundum sætan í víninu vinnur sér leið í gegnum kryddið og sósuna og rifur upp bragðið af því sem við í raun erum að borða. Ef við erum til dæmis að borða austurlenskan mat sem einkennist gjarnan af heitum kryddum eins og chilli þá þarf að vera sæta í víninu til að veða aðeins upp á móti sterku heitu kryddbragðinu. Vín frá Alsace í Frakklandi unninn úr Pinot Gris eða Gewurztraminer þrúgunum eru alveg upplögð í þessu tilfalli. Ferskur og góður skelfiskur er ljúffengur matur og til að kalla fram ferskt sjávarbragðið eru vín úr Sauvignon Blanc heillandi. Síran í þeim vínunum hentar sjávarfanginu ljómandi og bætir við ferskleikan. Okkur hættir til að framreiða kraftmiklar sósur með rauðu kjöti og getur það vissulega verið stórgott en því miður oft á kostnað kjötsins. Því þurfum við að velja rauðvín sem eru í jafnvægi við sósuna án þess að yfirgnæfa hana. Hafa ber í huga að vínið sé ekki of ungt, en til þess að vínið nái að vinna sig í gegnum sósuna, þarf það að vera orðið svolítið þroskað og hafa mildast aðeins. Rauða þrúgan Cabernet Sauvignon er líklega ein sú fjölhæfasta í þessu samhengi enda ræktuð víðast sökum þess hve harðgerð hún er. Fyrir vikið þá eru til óteljandi útgáfur af þessari skemmtilegu þrúgu sem bragðast mismunandi allt eftir

hvar hún er ræktuð. Annars finnast mér vín úr Carmenere þrúgunni frá Chile og Malbec þrúgunni frá Argentínu skemmtilegur kostur með grilluðu kjöti og þá sérstaklega lambinu sem og Ítölsku Piedmonte vínin Barbera D'Asti úr Barbera þrúgunni eða Barbaresco úr Nebbiolo þrúgunni. Annars hvet ég fólk til að útvíkka sjónveildarhringinn í vínvalinu og hvíla svolítið þetta venjulega val og prófa ný vín sem nóg er af í Vínbúðum og þá sérstaklega í Heiðrónu og Krínglunni. Nýta sér þá faglegu þekkingu og ráðgjöf sem þar er í boði sem og á veitingastöðunum. Verið óhrædd við að spyrja og umfram allt látið vita hvar ykkar mörk liggja. Við vínsérfræðingarnir erum ekki endilega að horfa í aurinn þegar við ráðleggjum, en getum alltaf fundið eitthvað við hvers manns hæfi. Það er þetta samspil á milli matar og víns sem gerir máltíðina svo ljúffenga, vel heppnaða og skemmtilega fyrir utan það að það er alltaf gaman að fá hrós fyrir góða samsetningu frá gestum sínum.

Stefán er vel þekktur í vínþjónabransanum og starfar nú á Einari Ben. Hann hefur aflað sér mikillar þekkingar um vín og heldur úti vefsíðunni smakkarinn.is. Hann hélt einnig gangandi vínklúbba, sem ég veit að margir vildu gjarnan að yrði endurvakinn.

Látum Stefán segja okkur hvaða aðferðum hann beitir:



Þegar ég vel vín með matnum þá hef ég alltaf í huga hvaða meðæti og sósa fylgja með. T.d. ef boðið er upp á humar í aðalrétt, þá er mikilvægt að vita hvort sósan verður tær og létt eða rjómalöguð og þung. Verður boðið upp á hrísgrjón, kryddað Cous-Cous eða brauð? Þó Riesling og Chardonnay passi bæði með humar, þá myndi bragðmikil sósa og kryddað Cous-Cous yfirgnæfa þurrt og sýruríkt riesling en aftur á móti myndi þungt og eikað chardonnay smellpassa með. Aftur á móti myndi sama chardonnay yfirgnæfa humar í tærri og léttri sósu á meðan vel vandað og sýruríkt riesling myndi smellpassa. Þess vegna segi ég, þegar velja á vín með matnum þarf alltaf að hafa í huga hvaða sósa og meðlæti verður með.

Dominique er löngu orðin þekkt fyrir sitt framlag til bættrar vínmenningar á Íslandi. Hún er mikil áhugamanskja um vín og mat. Hjá henni kemur maður ekki að kofanum tómunum, því hún er heill hafsjór af þekkingu um vín og matar menningu fjölda landa. Að sitja og spjalla við Dominique um vín og mat er bæði skemmtilegt og fróðlegt og ég tala nú ekki um þegar matur og vín er á borðum.

Gefum Dominique orðið:

Þegar ég vel vín með mat, fer ég nokkuð frjálsglega að og staður og stund skipta máli líka. Fyrst vel ég verðflokkinn, ef rétturinn

er "eðal" vel ég vín í dýrara verðflokki þar sem mér finnst að upplifunin verði að fara alla leið. Feitur og bragðmikill fiskur eða humar kalla á sýruríkara vín en ella. Grillaður fiskur kallar frekar á eikuð vín - alveg eins og rautt og bragðmikið kjöt kallar á tannínríkara vín, lamb á fingerðara og tannínminna vín. Kjúklingur og grískjöt á létтари tegundir. Meðlæti skiptir eins miklu máli og aðalrétturinn. Þar sem tilhneiging í dag er að velja sætu eða ávexti með réttunum finnst mér að sæta í víninu (eða hátt alkóholinnihald) geri heildina heldur væmna en vínið má ekki vera mjög tannískt - alveg eins og aspars eða ætisþistlar geta eyðilaggt flottasta rauðvínið. Fullkomnun í mat- og vínþörun er einstaklingsbundin (bragðlaukar og menningararfur eru mismunandi) - en allir geta forðast árekstra með því að fylgja einföldum reglum. Sú fyrsta er kannski að vera forvitin, velja ekki endilega vínið sem smakkast ljúfast eitt og sér því maturinn getur kaffært það.

Af þessu getum við lært að hafa þarf nokkur atriði í huga þegar velja á vín með mat. Persónulegur smekkur er náttúrulega númer eitt þegar maður er að velja fyrir sig sjálfan. Þyngd matarins er mikilvægt atriði, því vínið má ekki vera of létt fyrir réttinn eða of þungt. Það þarf að hafa jafnvægi þar á milli. Innihaldi maturinn einhvað súrt, þá verður einnig að huga að sýrunni í víninu. Sama gerist einnig með sætu, en sæta í mat biður um sætu í víni, sérstaklega á þetta við

um sæta ábætisrétti. Heit krydd geta verið erfið og má mæta þeim með víni sem hefur nokkra sætu, en hún mildar kryddhitann, án þess þó að deyfa sjálft bragðið. Sósur og eldunaraðferðir hafa einnig mikil áhrif á vínvalið og ráða oftast en ekki endanlegu vali. Sumt hráefni getur haft skelfileg áhrif á vín og hreinlega rústað því.

Í næsta blaði held ég svo áfram og útskýri hversvegna sýruríkt vín gengur betur með mat sem inniheldur eitthvað súrt, eða afhverju vín þarf að hafa smá sætu til að geta farið með mat sem hefur eitt-hvert sætt meðlæti. Ég mun fara yfir helstu grunnatriði sem hafa ber í huga þegar velja á vín með mat.

Góða skemmtun!

Páll Sigurðsson vínráðgjafi



MÁN-FÖS

9-20

LAU 11-18

**SKEIFAN · DALVEGUR
SKÚTUVOGUR**



HVAÐ EIGA BJÓR- DÓS OG BÍLL SAMEIGINLEGT?

Hafið þið nokkurn tíma velt fyrir ykkur hvað bíll og bjórdós eða bíll og rauðvinsglas eigi sameiginlegt? Það liggur hreint ekki í augum uppi, en svarið er augljóst þegar fólk veit það. Það fylgir nefnilega mikil ábyrgð því að njóta hvors tveggja. Sé notkunin skynsamleg getur hún haft ánægju og jafnvel gleði í för með sér. Sé hún hins vegar ógætileg getur farið vægast sagt mjög illa.

Til að stjórna bíl þarf fólk að vera með réttu ráði og oft er sagt að akstur og áfengi eigi aldrei samleið. Ölvunarakstur er hins vegar viðvarandi vandamál í íslenskri umferð. Það hefur í för með sér margvíslega erfiðleika ef illa fer og slys á sér stað. Besta reglan sem fólk getur fylgt er þessi: „Ef þú ætlar að fá þér í glas, þarf sú ákvörðun að liggja fyrir að bíllinn og bíllyklarnir séu ekki til taks. Það er afskaplega slæmt ef fólk fer í fagnað og fær sér í glas og bíllinn er til taks þegar dómgreindin er orðin takmörkuð. Þá er meiri hættu á að menn aki ölvaðir en ef þeir skilja

bíllinn eftir heima og gera aðrar ráðstafanir til að komast heim.

Vínbúðirnar hafa á undanförunum árum vakið ítrekað athygli á því hversu ábyrg meðferð vins skipti miklu máli. Auglýsingar þess efnis hafa þótt óvenjulegar og ágengar, vakið mikla athygli, en þær eru liður í samfélagslegri ábyrgð fyrirtækisins þar sem markmiðið er að hvetja fólk til hóflegar neyslu áfengis með því að draga fram neikvæðar hliðar óhóflegar neyslu. Og vonandi hafa þær áhrif til hins betra á viðhorf fólks og lífsmáta.

Viðhorf til áfengisneyslu á Íslandi hefur breyst mikið á síðari árum. Mun fleiri umgangast það með skynsamlegum hætti en áður var. Neysla á sterkum vínur hefur minnkað mikið, en hins vegar hefur léttvinsdrykkja og bjórdrykkja aukist mikið.

Samstarf Vínbúðanna og Umferðarstofu hefur staðið allt frá árinu 2004. Farnar hafa

verið hefðbundnar leiðir, en einnig aðrar óvenjulegri. Gerðir hafa verið glasamottur með skilaboðum og blöðrum með ákveðnum fróðleik hefur verið dreift. Tvær sjónvarpsauglýsingar hafa verið gerðar og báðar vakið mikla athygli. Þar nálgast framleiðendur þeirra viðfangsefnið á bæði beinskeittan og mjög skýran hátt. Viðbrögð almennings við þeim hafa verið mjög jákvæð og í könnunum hefur komið í ljós að fólk telur líklegt að þær hafi áhrif á viðhorf þess og hegðun. Þar við bætist mikill fjöldi útvarpsauglýsinga, tímaritauglýsinga og einnig hefur verið auglýst í dagblöðum. Markmiðið með öllu þessu er að ýta undir þá staðreynd að ölvunarakstur sé eins og önnur óábyrg hegðun óásættanleg.

Sigurður Helgason
Verkefnastjóri hjá Umferðarstofu



BER ALLT ÁRIÐ

Berja er sem betur fer hægt að njóta allt árið, en upp úr miðjum ágúst eru krækiber, bláber og aðalbláber orðin þroskuð og það sama má segja um rifts- og sólber. Fyrir utan að neyta berjanna ferskra má frysta þau, sulta og gera úr þeim saft. Einnig hefur færst í vöxt að fólk geri berjalíkjöra og er þá oftast notast við bláber, en krækiber og sólber má einnig nota.

KRÆKIBERJALÍKJÖR HRAFNHILDAR

Það þarf þolinmæði til að laga þennan líkjör, því það tekur langan tíma að laga hann. En að launum er útkoman frábær líkjör og svo er hann einstakleg þjóðlegur.

Það má drekka líkjörinn eftir eins árs geymslu, en hann verður betri eftir tvö ár, en þá hefur brennivínið samlagast krækiberjasafanum, sem það á einstaklega vel við.

700 ml brennivín

1000 ml krækiber

Sykur

Krækiberin eru látin liggja í brennivíninu í lokaðri krukku í sex mánuði. Þá er hrtið sigtað frá. Á móti hverjum lítra af safa á að bæta við 1 kg sykur. Þetta er svo sett á flöskur og geymt í tvö ár þar til tilbúið.

SÓLBERJALÍKJÖR

Þeir sem komast í sólber geta einnig nýtt sér aðferðina hér að ofan og verður útkoman þá sólberjalíkjör.

Sólberjalíkjör eða Cassis er framleiddur í Bourgogne í Frakklandi. Cassis er svo notaður í hina vel þekktu og vinsælu drykki Kir og Kir Royal, en þeir eru nefndir eftir borgarstjóranum í Dijon, honum til heiðurs. Drykkurinn var áður kallaður Blanc Cassis. Á eftirstríðsárunum áttu líkjörsframleiðendur í miklum erfiðleikum, og tók Kir þá upp þann sið að bjóða þeim sem heimsóttu Dijon upp á Blanc Cassis.

BLÁBERJALÍKJÖR

Aðferðin er einföld og yfirleitt sú að notast er við hreinan vodka, en ljóst romm er ekki síðra.

Krukka er fyllt af bláberjum sem síðan er fyllt upp með sykri og að lokum er fyllt upp með vodka. Sé þetta gert um berjatímamann (ágúst til sept.) á líkjörinn að vera tilbúinn í desember, en þá er hrtið síað frá og líkjörinn settur á flösku.

Eftirfarandi eru uppskriftir af bláberjakokteilum en í þá má nota hvort heldur fersk eða fryst ber.

BLÁBER OG BASIL

4 cl rom

1 tsk hrásykur

16 bláber

10 basil lauf

4 mintu lauf

½ lime

sódatvatn

Kremjið basil, mintu, sykur og limesafa í hristara. Bætið bláberjum við og kremjið áfram. Bætið rommi og klaka í og hristið. Látið klaka í longdrink-glas og sigtið blönduna í glasið. Fyllið upp með sódatvatni og skreytið með limesneið.



BLÁBERJA LÍMÓSÍNA

Fyrir fjóra

1 bolli fersk bláber

3 msk sykursíróp

3 msk sítrónusafi

1 bolli sítrónulíkjör

1 bolli Sprite eða Seven-up

Lagið sykursíróp með því að blanda saman jöfnum hlutföllum af vatni og sykri. Hitið að suðu og hrærið í á meðan, látið svo kólna.

Setjið allt nema gosið í rafmagnsblandara og maukið vel. Skiptið blöndunni í fjögur glös og fyllið upp með gosinu.

Úr þessum drykk er einnig hægt að gera krap með því að frysta hann án gosdrykkjarins í nokkra tíma, og taka svo úr frystinum nokkrum mínútum fyrir neyslu, sett í rafmagnsblandarann og blandað svo úr verður krap, blöndunni er svo hellt í glös og fyllt upp með gosi.



BLÁBERJAMINTA

4 cl Sítrus romm

8 fersk mintulauf

1 dl bláber

mulinn klaki

Látið mintulauf og bláber í hristara og kremjið, bætið svo romminu og klakanum í og hristið. Sigið með fínu sigti í kokteilmartini-glas og skreytið með bláberjum.

Árgangatafla ÁTVR

Evrópa

	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	1999	1998	1997	1996	1995	1994
 Frakkland													
Bordeaux-Medoc	3-4	5	3-4	5	4	2-3	5	4	3-4	2-4	3-5	3-5	2-4
St-Emilion/Pomerol	4	4-5	4	4	2-3	3	4	4	3-5	2-3	3-4	4-5	3-4
Sauternes	4-5	4	3-4	4	3-4	4-5	4	5	3-4	3-4	5	4	2
Bourgogne-Cote d'Or	3-4	4-5	3-4	4-5	4	3	3-4	4-5	3-4	4	4-5	4-5	2-3
